

15. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 71, 28. nóvember 1919 um laun embættismanna.

(Lagt fyrir Alþingi 1933).

1. gr.

Upphaf 13. gr. laganna orðist svo:

Heilsuhælislæknarnir á Vífilsstöðum og í Kristnesi o. s. frv.

2. gr.

Aftan við sömu grein bætist:

Aldursuppbót núverandi heilsuhælislæknis í Kristnesi miðast við þann tíma, er hann tók við forstöðu hælisins, 1. október 1927.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1934.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Heilsuhælislæknirinn í Kristnesi óskar eftir því að staða sin verði tryggð með því að fella hana inn í launalögin og gera hana hliðstæða stöðu heilsuhælislæknisins á Vífilstöðum.

Stjórn hælisins er þessu samþykkt.

Verður það og að teljast að öllu leyti sanngjarnt, með því að ekki er ágreiningur um að núverandi læknir verði áfram fastur yfirlæknis hælisins.

Ákvæðið um aldursuppbótina miðast við það, að laun læknisins hafa verið kr. 4000.00 auk friðinda og 40% dýrtíðaruppbótar, og mundu þau lækka verulega án þessa ákvæðis, sem ekki getur talist sanngjarnt.